



GOLFKLÚBBUR REYKJAVÍKUR

REGLUR UM LEIK Á VÖLLUM FÉLAGSINS

1. RÁSTÍMAR

- 1.1. Reglur um skráningu í rástíma
- 1.2. Hægt er að bóka á eftirfarandi velli:
 - Grafarholt (kl. 07-08)
 - Grafarholt (kl. 08-22)
 - Korpa 18 holur (kl. 07-08)
 - Korpa 18 holur (kl. 08-22)
 - Korpa 9 holur (kl. 07-22)
- 1.3. Fjögurra daga bókunarfyrirvari er á velli félagsins og opnað er fyrir skráningu kl. 22:00 kvöldi fyrir fyrsta bókunardag.
- 1.4. Utanfélagsmenn geta bókað sig með dags fyrirvara og er opnað fyrir skráningu kl. 22:00 kvöldið fyrir bókunardag.
- 1.5. Sé ráshópur ekki fullskipaður hefur eftirlitsmaður rétt á að bæta í hópinn.
- 1.6. Leikmaður skal mæta að lágmarki 10 mínútum áður en hann hefur leik.

2. LEIKHRAÐI

- Mikið álag er á völlum GR og því er algjört grundvallaratriði að leikhraði sé í lagi. Það er því mjög mikilvægt að allir leikmenn fari eftir þeim leikhraðareglum sem klúbburinn setur.
- 2.1. Stefnt skal að því að fjórir leikmenn í ráshópi séu ekki lengur en fjóra klukkutíma og tuttugu mínútur að leika 18 holu hring. Séu tveir leikmenn saman í ráshóp skulu þeir ekki vera lengur en þrjá klukkutíma að leika 18 holu hring.
 - 2.2. Til þess að halda uppi leikhraða skulu kylfingar stilla æfingasveiflum í hóf, ganga rösklega milli þess er þeir slá bolta sinn, yfirgefa flötina um leið og leik er lokið og ganga strax á næsta teig. Kylfingar skulu ávallt vera meðvitaðir um þá sem á eftir koma. Ef braut/flöt er auð þegar komið er á teig er mikilvægt að sá kylfingur sem á teiginn slái strax og skrifi svo skor.
 - 2.3. Kylfingar skulu gæta þess að hleypa fram úr strax og ástæða er til, svo sem vegna leitar að týndum bolta og/eða ráshópurinn hefur dregist aftur úr næsta hópi á undan.
 - 2.4. Kylfingar ættu við þær aðstæður sem golfreglurnar leyfa að leika varabolta til þess að flýta leik.
 - 2.5. Kylfingar sem eru með forgjöf 26,5 og hærra skulu leika af framteigum – bláum eða rauðum.
 - 2.6. Mælst er til þess að leikmenn noti Stableford punktakerfi við æfingahringi og taki boltann upp þegar útséð er um að punktur fái á viðkomandi holu.

3. UMGENGNI UM VELLI GR

- 3.1. Gengið skal vel um velli GR. Kyfingar eru beðnir um að skilja aldrei eftir sig rusl á vellinum og taka með sér af vellinum það rusl sem til fellur á meðan leik stendur. Ganga skal frá torfusneplum og laga boltaför á flötum.
- 3.2. Kyfingar eru beðnir um að stilla síma sína á silent á meðan á leik stendur og láta símanotkun ekki trufla aðra leikmenn.
- 3.3. Ekki skal fara með golfpoka eða kerrur inn á flatir eða teiga. Óheimilt er að fara með golfkerrur á milli flatarglompu og flatar. Leikmenn skulu virða þau takmörk sem starfsmenn setja varðandi umferð og leitast við að hlífa álagsblettum á vellinum.

4. EFTIRLITSMENN

- 4.1. Eftirlit með leik, leikhraða og umgengni á völlum er í höndum eftirlitsmanna.
- 4.2. Kyfingum ber að framvísa staðfestingu á félagsaðild eða kvittun fyrir greiðslu vallargjalds sé þess óskað. Kyfingur, sem hefur leik á vellinum án þess að hafa til þess heimild, telst hafa skuldbundið sig til greiðslu vallargjalds með 50% álagi.
- 4.3. Þeim sem leika velli GR er skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns.
Verði félagsmaður uppvís að alvarlegu broti á reglum þessum ber starfsmönnum að tilkynna það til aganefndar GR. Aganefnd getur veitt kyfingi áminningu eða beitt tímabundinni útilokun frá leik á völlum félagsins.